

---

*Skógarvörðurinn á Norðurlandi  
Starfsskýrsla fyrir árið 2016*



*Hávaxnasta birkitré landsins í Vaglaskógi.*

*Rúnar Ísleifsson*

## Efnisyfirlit

1. Veðurfar ársins .....	2
2. Vöxtur og þrif trjágróðurs .....	2
2.1. Laufgun og lauffall.....	2
2.2. Vöxtur.....	2
2.3. Fræsöfnun.....	2
2.4. Skaðar.....	2
3. Fræhús og fræsala.....	2
3.1 Fræhús .....	2
3.2 Fræsala .....	3
4. Starfsfólk .....	5
5. Girðingar .....	5
6. Skógarhögg.....	5
6.1. Grisjun.....	5
7. Sala afurða.....	6
7.1 Sala girðingarstaura.....	6
7.2 Viðarsala.....	6
7.3 Jólatré .....	7
7.4 Önnur sala .....	8
8. Nýframkvæmdir .....	8
9. Gróðursetning, áburðargjöf og jarðvinnsla .....	9
10. Byggingar .....	9
11. Vélar og verkfæri .....	10
12. Ýmislegt .....	10
12.1. Fundir, ferðalög og viðburðir .....	10
12.2. Ferðafólk .....	11
12.3. Annað .....	11

## **1. Veðurfar ársins**

Fyrstu mánuði ársins var fremur svalt í veðri. Snjór var töluverður í Vaglaskógi. Mest varð snjódýptin 1,16 metrar 21. febrúar og var snjór í skóginum fram undir miðjan maí.

Tíðarfar var hagstætt frá byrjun apríl og fram í lok júní. Sérstaklega var júnímánuður hlýr og þurrviðrasamur framan af.

Fremur svalt og votviðrasamt var í júlí og framan af ágústmánuði en þá fór veðurlag batnandi og við tók haust sem er eitt það veðursælasta sem skógarvörður man eftir. Snjólaust var fram í miðjan nóvember og mesta snjódýpt í Vaglaskógi í nóvember- og desembermánuðum var 45 cm.

Úrkoman var tölvert yfir meðallagi víða á norðaustanverðu landinu. Á Akureyri mældist hún 629,2 mm, eða 34% umfram meðaltal. Í Vaglaskógi reyndist hins vegar ársúrkoman vera um 658,3 mm sem er um 12% undir meðaltali.

## **2. Vöxtur og þrif trjágróðurs**

### **2.1. Laufgun og lauffall**

Ekki skráð.

### **2.2. Vöxtur**

Vöxtur reyndist vera í góðu meðallagi, sérstaklega hjá lerki og birki.

### **2.3. Fræsöfnun**

Engu fræi var safnað í ár í skóglendum Norðurlandsdeildar.

### **2.4. Skaðar**

Skaðar voru ekki áberandi í skógi. Snjóflóð voru ekki teljandi í innanverðum Fnjóskadal á svæðum Skógræktarinnar þótt auðvitað sjáist nánast á hverjum vetri vegsummerki eftir snjóflóð í stærstu giljum.

Annars virtist trjágróður almennt séð vera nokkuð heilbrigður í skóglendum Skógræktarinnar á Norðurlandi þetta árið. Birkiryð var þó mjög áberandi í birkiskógum enda var júlímánuður bæði mildur og úrkomusamur.

## **3. Fræhús og fræsala**

### **3.1 Fræhús**

Úr Fræhúsinu var safnað um 1,3 kg af lerkifræi (kvæmi: Hrymur). Einnig var safnað um 1,2 kg af birkifræi (kvæmi: Vaglahús fv. Bæjarstaður). Umsjón, umhirða og viðhald á Fræhúsinu hvíldi að langmestu leyti á herðum Guðna Þorsteins Arnþórssonar þar til hann lét af störfum vegna aldurs í byrjun sumars. Um frémál og fræsölu sá Valgerður Jónsdóttir sem síðan tók einnig við umsjón Fræhússins.

Þegar birkifræi hafði verið safnað Fræhúsinu var birkið fellt. Í kjölfarið var allt grjót og grófari mól hreinsuð úr gólfi Fræhússins og fínum salla dreift yfir. Sallinn var jafnaður og þjappaður þar sem birkið hafði verið og hvítur dúkur settur yfir allt gólfið í húsinu. Með þessu móti fæst meiri birta í húsið, ekki þarf að illgresiseyða og öll þrif verða mun auðveldari svo sem að hreinsa burt lerkibarr að hausti.



Í fræhúsinu. Mynd: Valgerður Jónsdóttir

Þegar dúkurinn var kominn á gólfið var borað fyrir ágræddum lerkifrætrjám sem í kjölfarið voru sett niður í húsið. Vantar nú lítið upp á að búið sé að fylla allt Fræhúsið af evrópu- og rússalerki til fræfaleiðslu og er það stór áfangi.

### 3.2 Fræsala

Á árinu var eftirfarandi magn af fræi selt frá fræmiðstöðinni á Vöglum.

*Magn eftir tegundum*

<b>Tegund</b>	<b>Magn í gr.</b>
Birki	2.006
Broddfura	3
Dvergfura	1
Fjallalerki	25
Fjallapínur	2.104
Hvítgreni	2
Kjarrelri	10
Mýrarlerki	2
Rauðgreni	3
Reyniviður	81
Lerki, Hrymur	1.563
Sítkagreni	1.208
Sítkaölur	6
Stafafura	3.097
Steinbjörk	5
Úlfareynir	2
	<b>10.118</b>

Magn eftir kvæmum og frænumurum.

<b>Tegund</b>	<b>Kvæmi</b>	<b>Frænumur</b>	<b>Magn í gr.</b>	<b>Athugasemdir</b>
Birki	Hofg. Bæ	206001	210	Gefið
Birki		206008	2	
Birki	Þórðarstaðaskógur	207002	30	
Birki	Vakal. Bæ	207004	300	Gefið
Birki		207005	380	
Birki	Markarflj. Bæ	207006	490	Gefið
Birki		207007	330	
Birki		208014	25	
Birki	Bæjarstaður úrval	210001	2.000	
Birki		213002	1.345	
Broddfura		209001	2	
Dvergfura		990006	4	
Fjallafura		990005	4	
Kjarrölur		208023	9	
Rauðgreni	Drevja	208026	6	
Reyniviður		209005	100	
Rússlerki/Evrópulerki	Hrymur	213003	384	
Rússlerki/Evrópulerki	Hrymur	213004	1.695	
Sitkagreni		208033	314	
Sitkagreni	Tunga	208034	694	
Sitkagreni		208035	21	
Sitkagreni		208036	38	
Sitkaölur	Lawing	207009	2	
Sitkaölur	Tumastaðir	208039	7	
Sitkaölur		208042	2	
Sitkaölur		210014	20	
Sitkaölur		210016	3	
Stafafura	Watson Lake	214001	61	
Stafafura	Höfði(Sk)	214008	625	
Stafafura	Höfði(Skagway)	214008	150	
Stafafura	Vaglir Þelamörk(Skagway)	214009	675	
Stafafura		214010	25	
Stafafura	Höfði(Taraldsöy)	214012	195	
Stafafura	Vaglir Þelamörk(Tutshii Lake)	214013	500	
Stafafura	Hafursá	214015	550	
Stafafura	Hafursá	214016	1.000	
Stafafura	Höfði(Skagway)	214017	600	
Stafafura	Bugar(Skagway)	214018	350	
Stafafura	Strönd	214019	150	
Steinbjörk		208046	1	Blanda
Svartgreni	Watson Lake		50	
		<b>Magn í gr.</b>	<b>13.349</b>	

## 4. Starfsfólk

Starfsfólk var þetta á árinu: Benjamín Örn Davíðsson og Guðni Þ. Arnþórsson, aðstoðar-skógarverðir og verkstjórar. Guðrún Jónsdóttir vann við viðarvinnslu. Lars Nielsen, Valgeir Davíðsson og Teitur Davíðsson unnu við skógarhögg og viðarvinnslu ásamt ýmsu fleiru.

Sumarfólk var Þuríður Davíðsdóttir og Róbert Guðnason sem unnu á útivistarsvæði. Eyþór Darri Pétursson, Huldar Valgeirsson og Karl Stefánsson unnu við skógarhögg, viðarvinnslu, gróðursetningu, áburðargjöf og fleira tilfallandi. Þau Lars og Þuríður hófu störf sem heilsársstarfsmenn hér á Vöglum.

Danskir verknemar, þeir Nick Christiansen og Sune Allermann Pedersen, unnu einnig um 3 og 6 mánaða skeið og þá aðallega við skógarhögg. Færeyingurinn Fríða Djurhuus starfaði einnig sem verknemi hér um 2 vikna skeið í apríl. Reyndust þau öll með miklum ágætum.

Valgerður Jónsdóttir sá um frémál fræmiðstöðvarinnar í hlutastarfi.

Á árinu létu þau hjónin Guðni Þorsteinn Arnþórsson og Guðrún Jónsdóttir af störfum fyrir aldurssakir, bæði orðin sjötug. Hafa þau starfað hér hjá Skógræktinni á Vöglum samtals í hartnær 90 ár, þar af Steini í um 50 ár.

Að þeim er mikil eftirsjá. Tryggð þeirra, elja og samviskusemi á sér fáar hliðstæður hjá Skógræktinni. Við þökkum þeim af heilum hug og óskum þeim velfarnaðar í framtíðinni.

## 5. Girðingar

Viðhald girðinga var með hefðbundnu móti þetta árið. Um viðhald girðinga á Sigríðarstöðum, Melum og Skuggabjörgum, Þórðarstöðum og Belgsá, Grund, Kristnesi og Vöglum á Þelamörk sá starfsfólk Skógræktarinnar á Vöglum. Þeir bræður Teitur og Valgeir sáu svo um taka niður girðingu fyrir veturinn á Þórðarstöðum og Belgsá.

Verktakar sáu um viðhald á eftirtöldum girðingum: Á Vöglum vann Sigurður Jóhann Freygarðsson verkið. Á Gilá í Vatnsdal sá Ingbór J. Kristmundsson um viðhald. Haldið var áfram að hreinsa birkikjarr frá girðingu í Sigríðarstaðaskógi og notaðar til þess keðju- og kjarrsagir. Er víða mikið verk óunnið þar sem hreinsa þarf víði og birki frá girðingum á umsjónarsvæðum Skógræktar ríkisins á Norðurlandi.

Verktakar höfðu umsjón með smölun á eftirtöldum svæðum: í Þórðarstaðaskógi og á Belgsá sá Valgeir Davíðsson um smölun. Ármann Olgeirsson sá um girðinguna í Mela- og Skuggabjargaskógi og Hermann Herbertsson um Sigríðarstaðaskóg.

Engar nýjar girðingar voru settar upp á árinu en girðingin í Kristnesi var endurnýjuð á kafla.

## 6. Skógarhögg

### 6.1. Grisjun

Unnið var við grisjun og skógarhögg í Kristnesi í Eyjafjarðarsveit, Vaglaskógi og á Vöglum á Þelamörk. Einnig var grisjaður birkiskógur á Hróarsstöðum í brekkunni ofan þjóðvegur og túna. Fengum við góðfúslegt leyfi fyrir þeirri grisjun hjá þeim hjónum Kristjáni og Agnesi á Hróarsstöðum og kunnum við þeim hinar bestu þakkir fyrir það. Í Fossselsskógi grisjuðum við lítillega birki en hreinsuðum þar aðallega frá vegum. Var það verk unnið skv. beiðni Skógræktarfélags Suður-Þingeyinga.

Í ár brá svo við að enginn bolviður var seldur frá Norðurlandsdeildinni til Elkem á Grundartanga. Því var enginn vélgrisjun í gangi í skóglendum Skógræktarinnar hér og eingöngu notast við mótorsög til grisjunar.

Grisjun í ræktuðum skógi var því sáralítill í ár eða sem nemur 3,7 ha. Er afleitt að svo sé því mikil nauðsyn er á að grisja og/eða bila ræktuðu skógana, ekki síst rauðgrenið þannig að það nýtist fyrir í borðvið og fleira þvíumlíkt. Í birkiskógi var umfang grisjunar og höggvið rúmmál svipað og síðustu ár eða sem nam ca. 240 m<sup>3</sup>f og 10,8 hekturum.

Eftirtaldir reitir og svæði voru grisjuð á árinu:

Staður	Reitur	Flatarmál í ha.	Tegund	Hvenær grisjað	Athugasemdir
Vaglaskógur	23	2.00	Birki	Vor	Stærsti hluti reitar
Vaglaskógur	128	0.50	Birki	Vor	Neðri hluti reitar
Vaglaskógur	162	0.70	Birki	Sumar	
Vaglaskógur	164	0.60	Birki	Sumar	Neðri hluti reitar
Vaglaskógur	169	0.01	Lindifura ofl.	Sumar	
Vaglaskógur	170	0.50	Birki	Sumar	Neðri hluti reitar
Vaglaskógur	177	0.50	Birki	Sumar	Neðri hluti reitar
Vaglaskógur	257	2.00	Birki	Sumar	Stærsti hluti reitar
Vaglaskógur	261	1.40	Birki	Sumar	Stærsti hluti reitar
Vaglaskógur	311	0.79	Birki	Vor	
Vaglaskógur	345	0.33	Rússalerki	Vetur	
Vaglaskógur	346	0.24	Rauðgreni	Vetur	
Vaglaskógur	594	2.00	Rússalerki	Sumar	Hálsmelar
	<b>Samtals:</b>	<b>11.6</b>			
Staður	Reitur	Flatarmál í ha.	Tegund	Hvenær grisjað	Athugasemdir
Vaglir þelamörk	11	0.30	Rússalerki	Síðla vetrar	Lokið við reit
Vaglir þelamörk	8	0.50	Stafafura	Síðla vetrar	Nyrðri hluti reitar
	<b>Samtals:</b>	<b>0.8</b>			
Staður	Reitur	Flatarmál í ha.	Tegund	Hvenær grisjað	Athugasemdir
Kristnes	50	0.50	Birki	Síðla vetrar	
Kristnes	51	0.15	Stafafura	Síðla vetrar	
	<b>Samtals:</b>	<b>0.7</b>			
Staður	Reitur	Flatarmál í ha.	Tegund	Hvenær grisjað	Athugasemdir
Reykjarhóll í Skagafirði		0.12	Ýmsar tegundir	Vor	
	<b>Samtals:</b>	<b>0.1</b>			
Staður	Reitur	Flatarmál í ha.	Tegund	Hvenær grisjað	Athugasemdir
Fosselskógur		0.10	Birki	Sumar	Innst í skógi ofan vegar
	<b>Samtals:</b>	<b>0.1</b>			
Staður	Reitur	Flatarmál í ha.	Tegund	Hvenær grisjað	Athugasemdir
Hróarsstaðir		1.20	Birki	Haust	Brekka ofan túna og þjóðveggar
	<b>Samtals:</b>	<b>1.2</b>			
<b>Samtals í ha:</b>		<b>14.4</b>			
<b>Grisjað birki í hekturum:</b>		<b>10.8</b>			
<b>Grisjaður barrskógur í hekturum:</b>		<b>3.7</b>			

## 7. Sala afurða

### 7.1 Sala girðingarstaura

Seldir voru samtals um 343 girðingarstaurar til fjögurra aðila.

### 7.2 Viðarsala

Afurð	Fjöldi	m <sup>3</sup> f	Athugasemdir
-------	--------	------------------	--------------

	<b>poka/sekkja/annað</b>		
Bolviður fura, lerki, greni og ösp		96	
Borðviður fura í m <sup>3</sup>		0.6	
Borðviður lerki í m <sup>3</sup>		2.5	
Borðviður birki í m <sup>3</sup>		0.2	
Arinviður birki um 20 kg.	5,412	216	
Arinviður birki í stórsekkjum	1	1	
Birkiafsag í stórsekkjum	16	8	
Arinviður barr um 20 kg.	103	4	
Kurl lerki	38	19	Stórsekkir
Kurl annað	2	1	
Kurl birki/annað	111	5	Reykingarkurl 110 lítra pokar
Spæmir/sag, undirburður	9	5	Stórsekkir
Plattar		1,129	Í stykkjatali
<b>Samtals m<sup>3</sup>f</b>		<b>358</b>	

Í ár var ekkert afhent af bolvið til Elkem á Grundartanga. Stærsti kaupandi á bolvið er Fellskógur ehf. og eins og áður keypti Olís nær allan arinvið af okkur.

### 7.3 Jólatré

Taka jólatrjáa hófst um miðjan nóvember.

Rauðgreni var fellt í Þórðarstaðaskógi í reitum nr. 4 og 19 og Sigríðastaðaskógi í reit nr. 22. Fjallaþinur og stærri tré voru felld í Vaglaskógi og var fjallaþinur aðallega sóttur í reiti nr. 302 og 309. Blágreni sem sótt var í Vagli á Þelamörk var tekin í reit nr. 213 og stafafura á víð og dreif um svæðið. Ljóst er að á næstu árum munum við eiga lítið sem ekkert af stafafuru sem nýtanleg er sem jólatré og það litla sem við getum fundið er vaxið upp sem sjálfsáð. Stærsti einstaki kaupandi jólatrjáa í ár var gróðrarstöðin Sólskógar.

#### *Felld tré*

<i>Svæði</i>	<i>Blágreni</i>	<i>Fjallaþinur</i>	<i>Rauðgreni</i>	<i>Stafafura</i>	<i>Samtals</i>
<b>Sigríðarstaðaskógur</b>			<b>45</b>		<b>45</b>
<b>Vaglaskógur</b>		<b>18</b>	<b>2</b>		<b>20</b>
<b>Vaglinn á Þelamörk</b>	<b>13</b>		<b>1</b>	<b>11</b>	<b>25</b>
<b>Þórðarstaðaskógur</b>			<b>59</b>		<b>59</b>
<b>Samtals:</b>	<b>13</b>	<b>18</b>	<b>107</b>	<b>11</b>	<b>149</b>

#### *Seld tré*



Stærð	Blágreni	Fjallapínur	Rauðgreni	Stafafura	Samtals
70-100			6		6
101-125	1	3	23	1	28
126-150	5	3	27	2	37
151-175	2	5	28	5	40
176-200	2	2	7	1	12
201-250	1	1	2	1	5
251-300					0
301-400		1	2		3
501-600			1		1
<b>Samtals:</b>	<b>11</b>	<b>15</b>	<b>96</b>	<b>10</b>	<b>132</b>

## 7.4 Önnur sala

Nokkir tugir hnausaplantna voru seldir, aðallega til UMF. Samherja í Eyjafjarðarsveit, og voru þær gróðursettar í nágrenni Hrafnagilsskóla.

Logosol-sögunarbekkurinn var seldur í kjölfar þess að stórviðarsögin var keypt. Kaupandi var Dagverðareyri ehf.

Safnað var í apríl og maí um 630 lítrum af birkisafa og hann seldur til Foss distillery. Verður safinn notaður þar í ýmsa tilraunastarfsemi.

## 8. Nýframkvæmdir

Helstu nýframkvæmdir á árinu voru þær að skipt var um mól í veginum frá Svartaskúr og niður að afleggjara er liggur upp í Vagli II. Um það verk sáu Vilhjálmur Valtýsson og Helgi Ingason verktakar.

Í Sigríðarstaðaskógi var lagfærður um 300 metra langur vegarkafli frá hliði og upp á móts við reit nr. 32. Meðal annars var bætt við tveimur ræsum í veginn. Ljúka þarf þessu verki á næsta ári. Um verkið sáu þeir Brynjólfur Magnússon og Jón Þórólfsson.


Í Fellskógi kostaði Skógræktin ræsi í veginn inn í skóginn en Veidifélag Skjálfafljóts sá um framkvæmdina.

Í Mela- og Skuggabjargaskógi var byrjað að hreinsa frá aðalveginum gegnum skóginn og notuð til þess ruddasláttuvél aftan í traktor. Ekki tókst að klára það verk þar sem sláttuvélin bilaði.

Á tjaldsvæðum var gengið frá rafmagni og vatni í nýja klósetthúsið nyrst í Stórarjóðri og sett niður rotþró við það. Einnig var lögð ný vatnslögn úr starfstöðinni og niður í Stórarjóður.

Afhendingarplanið fyrir skógarplöntur í starfstöðinni var lagfært og undirbúið fyrir dúklagningu. Með því erum að mestu laus við alla illgresiseyðingu og ekki þarf heldur að lofta undir plöntubakka þannig að plönturnar ræti sig ekki.

Í Kristnesskógi var lokið við skógarstíg sem sérstaklega var hannaður með þarfir fatlaðra í huga. Stígurinn er um 330 metrar á lengd og malbikaður. Er hann neðst í skóginum. Helstu verktakar við gerð stígsins voru Túnþökusalan og KM Malbikun.



Úr Kristnesskógi. Mynd Pétur Halldórsson

## 9. Gróðursetning, áburðargjöf og jarðvinnsla

Gróðursett var í júnímánuði á Hálsmelum í reiti nr. 534, 540, 544 og einnig í reiti nr. 581, 582, 583, 584 og 589 að hluta, samtals um 20.961 planta. Í lok júní var einnig gróðursett rauðgreni í eyður í utanverðu svæðinu á Vöglum á Þelamörk, samtals 525 plöntur, aðallega í reit nr. 21. Í Kristnesi voru í ágúst mánuði gróðursettar nokkrar pottaplöntur af lerki (kvæmi Hrymur) og birki (kvæmi: Kofod). Voru plönturnar settar neðarlega við nýja stíginn á svæðinu.

Í byrjun júní fór fram áburðargjöf á Belgsá í reiti nr. 53 og 54. Var borið á stafafuru sem gróðursett hafði verið árið áður. Þetta var unnið í samræmi við samning Landsvirkjunar og Skógræktarinnar um aðgerðir til kolefnisbindingar. Samtals voru gefin 325 kg. af áburði.

Jarðvinnsla fyrir gróðursetningu var framkvæmd í byrjun júní á Hálsmelum og Skuggabjörgum. Á Hálsmelum voru reitir nr. 534, 540, 544, 581, 582, 583, 584 jarðunnir og 589 að hluta, samtals um 12 hektarar, Á Skuggabjörgum voru einnig jarðunnir um 12 ha. í reitum nr. 78 og 90. Báðir reitirnir voru jarðunnir að hluta til. Um þetta verk sá Jón Þórólfsson.

### Yfirlit yfir gróðursetningu ársins

Staður	Tegund	Pl. aldur.	Bakkagerð	Kvæmi	Fjöldi
Hálsmelar	Stafafura	1/0	Fp-67	Watson lake	14,874
Hálsmelar	Stafafura	1/0	Fp-67	Skagway	4,087
Hálsmelar	Lerki	1/0	Fp-40	Hrymur	2,000
Vaglinn á Þelamörk	Rauðgreni		Fp-35		525
				Samtals:	21,486

## 10. Byggingar

Helsta verkefnið var endurnýjun þaksins á Furuvöllum. Þakið hefur lengi verið til vandræða vegna leka og nauðsynlegt að ráðast í þetta verk til að bjarga húsinu frá frekari

vatnsskemmdum. Var þetta verk aðallega unnið í júnímánuði af Jóhanni Reyni Eysteinessyni verktaka og starfsfólki hans.

Skemman var máluð um sumarið og varð á henni mikil breyting eins og sést á myndum hér fyrir neðan. Um það verk sá Sigurður Jóhann Freygarðsson á Hálsi.



*Skemman fyrir og eftir máluð. Myndir: Sigurður Jóhann Freygarðsson.*

Síðastliðið haust voru gerðar smávægilegar lagfæringar vegna leka á þakinu á íbúðarhúsinu á Þórðarstöðum. Það verður að segjast eins og er að mjög brýnt er á næstu árum að fara í viðhald og viðgerðir á íbúðarhúsunum á Þórðarstöðum og Vöglum I. Það verður mjög dýrt og ljóst að Norðurlandsdeild Skógræktarinnar á Vöglum hefur ekki fjárveitingar til að standa undir slíku. Í raun er ekki vitað hvernig þau mál verða leyst.

## **11. Vélar og verkfæri**

Í ársbyrjun var keypt stórviðarsög (bandsög) af gerðinni Wood-Mizer. Hefur hún verið mikið notuð á þessu ári og með tilkomu hennar getum við loks farið að saga allt nýtanlegt flettiefni sem kemur úr grisjunum hér á svæðinu. Að öðru leyti var viðhald með eðlilegum hætti og ekkert um stórviðgerðir. Skiptingin í Valmet-traktornum bilaði þó í lok árs og ekki enn komið í ljós hversu stórvægilegt það er. Það er þó orðið mjög brýnt að endurnýja eitthvað af þeim bílum og traktorum sem hér eru en allt er þetta orðið gamalt og úr sér gengið.

## **12. Ýmislegt**

### **12.1. Fundir, ferðalög og viðburðir**

19. og 20. janúar	Starfsmannafundur og ráðstefna á Egilsstöðum.
2. febrúar	Sameiningarfundur Reykjavík.
12. febrúar	Sameiningarfundur Reykjavík.
25. febrúar	Fundur á Egilsstöðum um rekstararáætlun Norðurlandsdeildar
9. mars	Sameiningarfundur Reykjavík.
25. apríl	Skoðunarferð í Reykjarhól.
10. maí	Grisjun o.fl. Reykjarhólsskógur.
9. júlí	Skógardagur Norðurlands í Kjarnaskógi.
24. ágúst.	Vígla stígs fyrir hreyfihamlaða í Kristnesskógi.
12. september.	Kveðjuhóf fyrir Steina og Gunnu á Furuvöllum.
26. september.	Sigríður Júlía Brynleifsdóttir kemur í heimsókn í Vaglaskóg.
10. desember.	Jólamarkaður í Vaglaskógi.

Skógræktin á Vöglum tók eins og áður þátt í Skógardegi Norðurlands sem í ár var haldinn í Kjarnaskógi. Tókst hann með ágætum. Jólamarkaður var haldinn í annað sinn 10. desember í starfstöð Skógræktarinnar á Vöglum í Fnjóskadal. Handverksfólki í Þingeyjarsveit var boðið að setja upp söluborð og sóttu átján um pláss. Söluvörurnar voru af ýmsum toga en þó aðallega handverk af ýmsu tagi. Einnig seldi Skógrækt ríkisins varning úr skóginum, Aðsókn að markaðnum var framar öllum vonum og komu hátt í 400 manns í Vaglaskóg þennan dag í ágætu vetrarveðri. Nemendur af unglíngastigi Stórutjarnaskóla seldu veitingar á markaðnum til fjáröflunar fyrir ferðasjóð sinn.

## 12.2. Ferðafólk

Fjöldi ferðamanna var töluvert undir meðallagi þetta ár enda tíðarfar frekar óhagstætt (vætusamt) í júlímánuði og fram í byrjun ágúst. Eins og oft áður voru fáar gistinætur skráðar í ágúst en öllu óvenjulegra var að fleiri gistinætur voru skráðar í júní en júlí enda var júnímánuður góðviðrasamur. Opnað var um mánaðamótin maí/júní og lokað 10. september. Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 3.995 og skiptust þannig: Í júní 1.698, í júlí 1.486, í ágúst 770 og 41 í september.

## 12.3. Annað

Fjögurra skóga hlaupið var haldið í Fnjóskadal í júlí eins og síðustu ár og var þátttaka mjög góð. Eins og áður sá Björgunarsveitin Þingey um framkvæmdina.

Í ágústmánuði var staðfest með mælingum að hávaxnasta birkitré landsins í náttúrlegum birkiskógi er að finna í Vaglaskógi. Tréð stendur ofan starfstöðvarinnar á Vöglum, nánar tiltekið ofan græðireitsins sem nefndur hefur verið Síbería. Hæð trésins er 14,2 metrar.

Vöglum, maí 2017, Rúnar Ísleifsson.